

19. desember 1975.

1083

Nr. 548.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. desember 1975 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Akureyrar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. desember 1975.

Nr. 549.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl., gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1975:

Borgarfjarðarsýsla:

Kvistur á garðyrkjubýli í landi Skrúðs, Reykholtisdalshreppi.

Dalasýsla:

Árbær á smábýli í landi Leysingjastaða, Hvammshreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Smáragil á þjónustubýli í landi Staðar, Staðarhreppi.

Syðri-Þverá II á smábýli í landi Syðri-Þverár, Þverárhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Helgá á smábýli í landi Víðiholts, Reykjahreppi.

Byrgisholt á smábýli í landi Hafralækjar, Aðaldælahreppi.

Fitjar á þjónustubýli í landi Ártúns, Ljósavatnshreppi.

Norður-Múlasýsla:

Deildarfell í stað nafnsins Deildarlækur á nýbýli í landi Hofs, Vopnafjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Fljótsbakki I á eignarhluta í landi Fljótsbakka, Eiðahreppi.

Fljótsbakki II á eignarhluta í landi Fljótsbakka, Eiðahreppi.